

RAFRÆN VÖKTUN Í HÖFNUM

Fyrirlestur á Hafnarsambandsþingi 2024, Hofi á Akureyri

Hjalti Geir Erlendsson lögmaður

LEX

LÖGMANNSTOFA

UMFJÖLLUNAREFNIÐ

- Rafræn vöktun í höfnum.
- Nýtt ákvæði 7. gr. a hafnalaga um rafrænna vöktun í höfnum.
 - Hvaða heimildir eru til rafrænnar vöktunar í höfnum?
 - Hver ber ábyrgð á vöktuninni og stjórnar myndavélum?
 - Hverjum má veita aðgang að streymi eða upptökum?
 - Mega hafnir innheimta gjald fyrir afhendingu á efni?



MYNDAVÉLAR Í HÖFNUM

- Myndavélakerfi þar sem myndefni er streymt beint í gegnum netið.
- Öryggismál, vernd gegn þjófnaði o.s.frv.
- Sjómenn og eigendur báta geta fylgst með veðurlagi og séð laus pláss við höfnina.
- Ýmis álitamál hafa komið upp:
 - Reglur um persónuvernd.
 - Miðlun upplýsinga til eftirlitsstjórnvalda og annarra opinberra aðila.
 - Beiðni um aðgang frá tollinum og Fiskistofu.

Akranes



HVAÐ ER RAFRÆN VÖKTUN?

- Skilgreining í 9. tölul. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.
- „**Rafræn vöktun**: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.“

ALMENN SKILYRÐI (1)

- Almenn skilyrði til rafrænnar vöktunar má finna í 14. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd.
- Krafa um yfirlýstan og skýran málefnalegan tilgang.
- Ef takmarkaður hópur fólks fer um svæðið að jafnaði verður að vera sérstök þörf á rafrænna vöktun vegna eðlis starfseminnar.

- Ef til stendur að *safna upplýsingum*, s.s. hljóð og myndefni, sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar:
 1. vöktunin þarf að vera nauðsynleg og fara fram í öryggis- eða eignavörsluskyni;
 2. það efni sem til verður við vöktunina má ekki afhenda öðrum eða vinna frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða á grundvelli heimilda í reglum skv. 5. mgr.;
 - i. heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
 3. því efni sem safnast við vöktunina skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það.
- Nauðsynlegt að hafa *skýr merki* uppi ef eftirlit fer fram á almannafæri eða á vinnustað.

ALMENN SKILYRÐI (2)

- Almenn skilyrði til rafrænnar vöktunar eru nánar útfærð í reglum Persónuverndar um nr. 50/2023.
- Þar má m.a. finna eftirfarandi skilyrði fyrir **miðlun persónuupplýsinga** sem verða til við rafrænna vöktun:
 1. Hinir skráðu samþykkja það og samþykkið uppfyllir kröfur sem leiða af lögum.
 2. upplýsingarnar verða slys eða meintan refsiverðan verknað og eru afhentar lögreglu;
 3. **mælt er fyrir um miðlun upplýsinganna í lögum;**
 4. upplýsingarnar eru nauðsynlegar einum eða fleiri hinna skráðu til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, t.d. þegar tryggingafélag tekur afstöðu til bótaskyldu;
 5. ákvörðun Persónuverndar um að heimila miðlun upplýsinganna liggur fyrir.

NÝTT ÁKVÆÐI HAFNALAGA UM RAFRÆNNA VÖKTUN

- Ákvæði um rafræna vöktun í hafnalögum tók gildi 4. júlí 2024.
- Veitir stjórn hafnar heimild til að vakta höfn með myndavélakerfi og miðla því efni beint til *notenda hafna* og tiltekinna stjórnvalda í tengslum við lögbundin verkefni þeirra.
 - Vaktstöð siglinga
 - Lögregla
 - LHG
 - Samgöngustofa
 - Tollurinn
 - Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Nýtt ákvæði 7. gr. a hafnalaga nr. 61/2003

„*Stjórn hafnar* er **heimilt** að viðhafa rafræna vöktun á hafnarsvæði eða taka myndir með reglulegu millibili í öryggisskyni. Henni er jafnframt **heimilt að miðla** rafrænt upplýsingum sem þannig er aflað **til notenda hafna** í rauntíma til að þeir geti **fylgst með aðstæðum** í höfnum. Þá er **heimilt að miðla upplýsingum** rafrænt til Vaktstöðvar siglinga vegna verkefna hennar og til lögreglu, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, tollgæslu Skattsins og rannsóknarnefndar samgönguslysa **í tengslum við lögbundin verkefni þeirra**. Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um vinnslu persónuupplýsinga og skilyrði hennar.“


MAT Á ÁHRIFUM Á PERSÓNUVERND



- Stjórn hafnar þarf að láta framkvæma mat á áhrifum vöktunar á persónuvernd.
 - Skoða og lágmarka áhættu á persónuvernd.
 - Er t.d. hægt að nota myndavélarnar til að fylgjast með starfsfólki við vinnu?
 - Er hægt að bera kennst á fólk á myndum?
- Ekkert mat fór fram samhliða lagabreytingu og því verður hver hafnarstjórn að framkvæma slíkt mat fyrir sína höfn/hafnir.

STJÓRN OG FORRÆÐI Á MYNDAVÉLAKERFUM HAFNA

- Samkvæmt 7. gr. a hafnalaga fer **stjórn hafnar** með *heimildir* til að viðhafa rafræna vöktun.
 - Heimild en ekki skylda.
- Stjórn hafnar ákveður hvort miðla skuli myndefni til notenda eða annarra.
 - Á að miðla efni á opnu vefsvæði eða lokuðu?
 - Misræmi í texta lagaákvæðis og í greinargerð með frumvarpi
- Ákvæðið tekur bara til „notenda“ hafna og þeirra stjórnvalda sem talin eru upp í ákvæðinu.
- Ef eftirlitsstjórnvöld vilja víðtækari aðgang að myndavélum eða hafa meiri stjórn þá þarf að byggja slíkt á annarri lagaheimild.
- Ekki útilokað að stjórn hafnar neiti að miðla efni úr myndavélum, t.d. ef það er of kostnaðarsamt eða flókið.



GJALDTAKA?

- Er heimilt að krefja notendur eða stjórnvöld um tiltekið gjald vegna vinnu við afhendingu og miðlun upplýsinga?
- Meginreglan er sú að gjaldheimta fyrir afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalda verður að eiga sér skýra lagastoð og byggist reglan á því sjónarmiði að opinber þjónusta skuli vera ókeypis, nema lagaheimild standi til annars.
- Hvergi er talið upp í 17. gr. hafnalaga að heimilt sé að innheimta gjald vegna aðgangs að myndavélakerfi.
 - Þörf á skýrri lagaheimild fyrir gjaldtöku.
 - Hvað með umsýslugjald skv. 11. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga?
- Ef það er of kostnaðarsamt að veita aðgang þá má hreinlega neita um aðgang.
 - Ath. að lögregla eða eftirlitsstjórnvöld gætu byggt á öðrum lagaheimildum.
- Samningar við stjórnvöld um þátttöku í kostnaði?
- Ef einstaklingar eða fyrirtæki óska eftir aðgangi að upptökum þá þarf að meta hvert og eitt tilvik sjálfstætt.
 - Á hvaða lagaheimild byggist beiðni um aðgang að gögnum, t.d. upplýsingalögum eða stjórnsýslulögum?
 - Nauðsynlegt gagn til sönnunar í dómsmáli?
 - Heimilt að rukka umsýslugjald ef það er kostnaðarsamt að taka saman gögn eða afrita þau vegna afhendingar á grundvelli upplýsinga-, eða stjórnsýslulaga.

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á TOLLALÖGUM

- Frumvarpsdrög birt í samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. með umsagnarfresti til 21. október.
- Kveðið á um aðgang tollyfirvalda að rafrænna vöktun og upptökum í höfnum.
- Endurgjaldslaus aðgangur á því formi sem tollurinn mælir fyrir um.
- Tollurinn getur einnig viðhaft eigin rafrænna vöktun.
- Er þetta opin tékki?

Tillaga að breytingu á töllalögum:

„Tollyfirvöld skulu í þágu almenns tolleftirlits ***hafa aðgang að rafrænni vöktun og upptökum*** úr myndavélakerfum þeirra sem viðhafa slíka vöktun í tollhöfnum, þar sem fyrsta og síðasta viðkoma fars er hér á landi, ***á hafnarsvæðum***, sem og geymslusvæðum fyrir ótollaafgreiddar vörur. Tollyfirvöldum er þannig heimilt, eftir því sem þau telja sig þurfa, að taka sjálf upp efni úr rafrænni vöktun sem þau fá aðgang að eða afrit af þeim upptökum sem þau fá aðgang að. ***Veita skal tollyfirvöldum aðgang að rafrænni vöktun bæði endurgjaldslaust og á því tæknilega formi og með þeim hætti sem tollyfirvöld mæla fyrir um.*** Tollyfirvöldum er jafnframt heimilt að viðhafa sjálf rafræna vöktun og taka upp efni úr henni eftir því sem þau telja sig þurfa.“

